

Veðurstofa Íslands  
Bústaðavegi 9  
108 Reykjavík

Vestmannaeyjum 5. september 2017  
UST201708-185/P.V.B.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um fararleyfi - Surtsey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Vilhjálms Smára Þorvaldssonar á Veðurstofu Íslands, dagsett 28. ágúst 2017 þar sem óskað er eftir fararleyfi fyrir tvo starfsmenn Veðurstofunar til Surtseyjar vegna viðhalds veðurstöðvar í Surtsey í nokkra klukkutíma á tímabilinu þann 10. september.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

#### ***Lýsing framkvæmdar:***

Um er að leiðangur sem ætlað er sinna viðhaldi á sjálfvirkri veðurstöð og vefmyndavél sem staðsett er í eyjunni. Gert er ráð fyrir að fari nokkrir klukkutímar í verkið. Ferðast verður með þyrlu landhelgisgæslunar.


#### ***Áhrifamat:***


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið 10. September 2017:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
  - Vilhjálms Smára Þorvaldsson
  - Ónefndan aðstoðarmann

- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður í eyjunni á þessum tíma.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágúsdóttir  
Sviðstjóri

  
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
Sérfræðingur